SAMKEPPNI UM DEILISKIPULAG AKRATORGS Á AKRANESI

Miðstöð menningar á vesturlandi

Meginmarmið skipulagstillögunnar eru eftirfarandi:

- Að styrkja og endurvekja mikilvægan kjarna í bæjarmyndinni.
- Að bjóða upp á fjölbreytileg svæði til mismundandi nýtingar.
- Að svæðið bjóði upp á sveigjanleika í notkun fyrir þá sem búa þar og starfa.
- Að gera svæðið spennandi og eftirsótt til dvalar og fyrir miðbæjarstarfsemi.
- Að svæðið geti virkað sem ein heild á hátíðisdögum en þess á milli sem aðskildir en samtengdir póstar í heildarmyndinni.
- Að skapa skjól og nýta sól.
- Að draga úr ásýnd og áhrif umferðarmannvirkja.
- Að gera svæðið vistlegra með gróðursetningu og breyttu yfirborði.
- Að bæta göngutengsl og auka vægi hjólreiða.
- Að yfirborð, götugögn, listaverk, rýmismyndun og starfsemi styrki hvert annað og myndi eina heild.
- Að virða byggingarsöguna en jafnframt bjóða upp á nýjar byggingar sem með útliti og starfsemi styrkja svæðið.
- Að tengja torgið við höfnina og hafið.
- Að efla og viðhalda þau sjóntengsl sem fyrir eru, hafið og fjöllin.

Veðurfar á Akranesi tekur mið af staðsetningu og hafrænum áhrifum sem veldur því að vetur verða mildir en sumur að sama skapi frekar köld. Ríkjandi vindáttir er suðlægar og suðaustlægar sem eru jafnframt úrkomuáttir og vegna þess hversu opið landið er þá á úrkoman greiðari leið þar um. Þá veldur hafgola frá norðri kælingu á sólbjörtum sumardögum. Skipulagstillagan tekur mið af þessum aðstæðum þar sem markvisst er leitast við að skapa skjól og nýta sól.
Útsýni frá Akratorgi er fjölbreytt og innifelur það sem einkennir Akranes. Til norðurs og austurs er fjallasýn þar sem er annars vegar Akrafjall og hins vegar Skarðsheiði. Til vesturs er óljós sýn að kirkjunni. Til suðurs er útsýni að iðnaðar- og hafnarsvæði en vegna bílskúrsbyggingar þá er sjávarsýn takmörkuð við þröngan vinkil og er mikilvægt að ná þeirri sjónrænu tengingu að nýju.
Jaðrar á mismunandi landnotkun og kennileiti sem tengjast sögu og þróun bæjarins hjálpa til við auka við fjölbreytileika svæðisins og rata um það. Í skipulagstillögunni er leitast við að styrkja kennileitin og skapa ný.

Staða skipulagssvæðisins í bæjarumhverfin

Gamlir bæjarkjarnar í sjávarþorpum á Íslandi líða oft fyrir að vera í iðnaðarumhverfi með stórum byggingum og athafnasvæðum. Gamli bærinn á Akranesi hefur sérstöðu og möguleika til að endurnýjunar sem felst í eftirfarandi:

- Hann er inn í miðju íbúðarsvæði þar sem byggingar eru í "mannlegum mælikvarða".
- Hann hefur upp á að bjóða torg sem er umlukið stærri byggingum með starfsemi sem allir eiga erindi í.
- Hann hefur almenningsgarð sem auðveldlega er að tengja betur við aðliggjandi umhverfi.
- Hann hefur miðbæjarstarfsemi sem myndar ás út frá torginu.
- Hann hefur traust bakland sem eru íbúar svæðisins.
- Möguleikar á uppbyggingu og þéttingu byggðar í nágrenni við samkeppnissvæðið.

Þessir þættir eru mikilvægir og auðvelda það verkefni að endurvekja og styrkja svæðið í samkeppni við nýjan miðbæ. Þessir tveir kjarnar ættu frekar að geta dafnað hvor á sinn hátt vegna þeirrar sérstöðu sem gamli bærinn hefur.

Skipulagstillaga

Megin hugmynd tillögunnar er að skapa torg sem verður akkeri menningar, viðburða og þjónustu á Akranesi. Grundvöllur og forsendur fyrir uppbyggingu á svæðinu felst í því að endurreisa Akratorgið, gefa því fegurri ásjónu og auka möguleika til uppbyggingar. Gert er ráð fyrir því að auka enn frekar vægi útilistaverka á Akranesi með höfuð áherslu á Akratorg og umhverfi þess. Menningar og byggingarsöguleg verðmæti birtast í umgjörð Akratorgs þar sem sjá má byggingar frá mismunandi tímabili úr sögu bæjarins. Gert er ráð fyrir því að þessar byggingar muni áfram mynda megin umgjörð Arkatorgs, ásamt nýrri menningarmiðstöð sunnan torgsins. Gert er ráð fyrir því að Suðurgata 62 og 64 víki fyrir nýrri starfsemi, um leið mun tenging við smábátahöfn og sjávarsýn batna.

Akratorg:
Uppbygging torgsins felst í nýrri rýmismyndun þar sem torgið fær nýja ásýnd og skýrari afmörkun með veggjum og trjágróðri. Á torginu verður sköpuð aðstaða fyrir ýmiskonar viðburði með samspili nýrrar torgmyndunar og afmörkunar.Gert er ráð fyrir því að torgið lækki frá því sem nú er um ca 45sm til að auka á rýmismyndun þessi hæðarmunur er síðan tekinn upp með tröppum og fláum. Tröppur geta nýst sem set svæði og bjóða upp á leikaðstöðu m.a. fyrir brettaiðkendur. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að koma fyrir sviði í suðvestur horni torgsins. Torgið og göturnar umhverfis það fá heildstæða mynd með nýju yfirborði og samræmdum götugögnum. Á miðju torginu er gert ráð fyrir listaverki sem einnig gæti verið setsvæði. Stóru listaverki verði einnig komið fyrir á torgi sunnan við Landsbankahúsið til að "loka" torginu sjónrænt séð frá Suðurgötu og mynda um leið nýja aðkomu þegar komið er frá Suðurgötunni frá vestri. Minnismerki sjómanna er fært til austurs og snúið með ásýnd til sjávar. Eftir sem áður verður styttan í mikilvægum sjónási Kirkjubrautar og Akursbrautar sem vísar vegin að Akratorgi. Torgið mætti síðan tengja íþróttahetjum Akraness með gerð svokallaðra "stjörnuspora" í yfirborði þess.

Menningarhús
Sunnan við Akratorgið er hugmyndin að reisa menningarhús sem t.d. gæti hýst, bókasafn, ráðstefnuaðstöðu, sjávardýrasafni, veitingaaðstöðu og sýningasal fyrir listsýningar háskólasetur með aðstöðu fyrir nemendur til að stunda fjarnám. Sunnan við nýtt menningarhús verður til skjólgott garðrými sem vísar til suðurs.

Nýbyggingar
Möguleiki er á 3-4 hæða nýbyggingu norðan við húsið sem Landsbankinn er til húsa. Til að bæta aðgengi og aðstöðu til reksturs verslunar og þjónustu við Skólabraut 33, 35 og 37 er gefin möguleiki á að hækka húsin um hálfa hæð, þannig að fyrsta hæðin verði ekki niðurgrafin.

Gönguleiðir
Gönguleiðir eru styrktar innan svæðisins með breiðum stíg austan við nýtt menningarhús til að tengja höfnina og hafið við torgið. Veggur/hleðsla leiðir fólk í átt til hafnarinnar. Tenging við gamla Bæjargarðinn er efld með gróðursetningu götutrjáa við Suðurgötu. Með uppbyggingu stígs austan við fyrirhugað menningarhús er um leið opnuð sjónræn tengsl í átt til hafnar. Æskilegt er að breikka stíg milli Skólabrautar 33 og 35 og bæta þannig aðgengi að nærliggjandi íbúðarbyggð við Heiðargerði. Gert er ráð fyrir nýjum göngustíg milli Suðurgötu og Mánabraut m.a til samnýtingu á bílastæðum.

Kirkjubrautin er gerð vistlegri, gatan mjókkuð í 6m, tré gróðursett við götu og gangstéttar breikkaðar. Um leið er aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda bætt til muna. Gert er ráð fyrir bifreiðastæðum meðfram Kirkjubrautinni að sunnanverðu. Með þrengingu götunnar er hægt á umferðinni sem eykur umferðaröryggi og veitir gangandi vegfarendum meira frelsi án þess þó að höft verði sett á akstur bifreiða um götuna. Við Kirkjubraut 10 er hægt að auka byggingarmagn með því að bæta við hæðum ofan á núverandi hús. Starfsemi í húsum við Kirkjubraut 8-10 öðlast nýtt gildi með beinu aðgengi við almenningsgarð sem vísar til suðurs þar sem hægt verður að njóta skjóls og sólar. Kirkjubrautin verður á þennan hátt að verslunar og þjónustuás sem tengir saman Akratorgið og Skagaverstún.

Skólabrautin norðan Akratorgs, Akursbrautin og Suðurgatan verða hlutar að nýrri torgmynd með nýju yfirborði gatna og götugögnum. Þannig verður dregið úr vægi gatna, hægt á umferð um svæðið og úr verður heildstæð torgmynd með nýju endurbættu Akratorgi sem miðpunkt viðburða og menningar.

Suðurgatan fær nýja mynd með því að breikkun gangstétta og uppbyggingu hjólreiðastíga meðfram henni. Gert er ráð fyrir uppbyggingu við Suðurgötu 67 og nýbyggingu við Suðurgötu 76 þar sem nú er róluvöllur. Leitast verður við að sú bygging falli sem best að útliti nærliggjandi húsa. Er gefin kostur á frekari uppbyggingu á lóð við Suðurgötu 71. Gert er ráð fyrir samsíða bifreiðastæðum meðfram allri Suðurgötunni. Gert er ráð fyrir því að Suðurgatan sunnan við torgið verði vistgata 5,5 m breið.

Skúðgarður/leiksvæði
Gamli Bæjargarðurinn við Suðurgötu öðlast nýtt líf. Róluvöllur sunnan við götuna verður færður inn í garðinn fær hann þannig betri nýtingu þar sem sameinað verður leiksvæði barna og dvalarsvæði í fallegum garði. Fegrun garðsins felst í aukinni gróðursetning trjáa og mögulegu tjarnarsvæði og umhverfislistaverki. Aðgengi að garðinum verður bætt frá Kirkjubraut og Akurgerði og boðið upp á tengingu við aðliggjandi verslun og hugsanlega veitingarekstur. Núverandi bílastæði við Suðurgötu verða færð út úr garðinum til þess að hann verði hluti af götumyndinni. Á 17. júní, írskum dögum og í tengslum við aðrar stóra menningarviðburði á Arkanesi má líta á Akratorg og Bæjargarðinn sem eina heild í miðbænum fyrir mismunandi uppákomur.

Bílastæði.
Heildarfjöldi bílastæða á yfirborði er svipaður og í dag en þau eru gerð minna áberandi, sett samsíða götum og trjágróður gróðursettur milli stæða. Til að samnýta stór bílastæði í næsta nágrenni við miðbæ er gert ráð fyrir stíg tengingu milli Suðurgötu og Mánabrautar. Við Akratorg er gert ráð fyrir 24 stæðum, 13 bílastæðum samsíða Suðurgötu og 10 stæðum samsíða Kirkjubraut. Gert er ráð fyrir bílastæðakjallara undir menningarhúsi.

Möguleg þróun gatna
Í hugmyndavinnunni var velt upp æskilegum möguleika að færa gegnumakstur af torginu vestur fyrir Landsbankann. Þar sem það svæði er utan við samkeppnissvæði er sú hugmynd sett fram á skýringarmynd sem mögulegur valkostur í framtíðinni.

Áfangaskipting

Svæðið er hægt að byggja upp í mörgum áföngum en mikilvægt er að Akratorg og Bæjargarður verði framkvæmd í samfelldum áfanga hvort um sig.
Gert er ráð fyrir því að uppbygging Akratorgs verði fyrsti áfangi í framkvæmd. Aðlaðandi torg á þessum stað mun styrkja þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og laða að nýja. Endurgerð Bæjargarðs verði annar áfangi í framkvæmd ásamt nýbyggingu við Suðurgötu 76. Aðrar nýbyggingar taka mið af þróun og eftirspurn. Bygging menningarhúss getur verið sérstakur áfangi eða tengt uppbyggingu torgsins allt eftir ákvörðun bæjaryfirvalda.













SKIPULAGSHUGMYND mkv:1:500



SNIÐ A-A´ mkv:1:200



SNIÐ B-B´ mkv:1:200



SNIÐ C-C´ mkv:1:500

"Hver einasta borg á sitt sögulega viðhald, sín gömlu torg sem ekki meiga haggast"
Jóhannes S. Kjarval 1930



MÖGULEG ÞRÓUN UMFERÐAR mkv:1:1000



YFIRLITSMYND 1:2000

HUGMYND AÐ EFNISVALI